

Nemendakönnun Háskólfélags Suðurlands

Könnunin var gerð vorið 2022 og tóku útskriftarnemendur frá fjórum sunnlenskum framhaldsskólum þátt í henni þ.e. nemendur frá Menntaskólanum að Laugarvatni, Fjölbautaskóla Suðurlands og Framhaldsskólunum í Vestmannaeyjum og Austur-Skaftafellssýslu. Í allt svöruðu 103 nemendur könnuninni. Tilgangurinn með þessari könnun var að kanna vilja nemenda til frekara náms eftir útskrift og hvar þeir vilja stunda sitt nám og hverskonar námi þeir hafa hug á.

Ætlunin er að framkvæma könnunina árlega og safna þannig upplýsingum yfir lengra tímabil um hvert hugur útskriftarnema stefnir.

Bakgrunnsupplýsingar nemenda í könnuninni

Kyn:

- 73 konur
- 29 karlar
- 1 ókynbundið

Fæðingarár nemendana:

1975-2004. 94 nemendur eru fæddir á árunum 2000-2004.

Póstnúmer lögheimilis nemenda:


- 46 nemendur í póstnúmerum 800 - 846
- 22 nemendur í póstnúmerum 850 - 861
- 19 nemendur í póstnúmeri 900
- 5 nemendur í póstnúmerum 765 - 780
- 10 nemendur voru í öðrum póstnúmerum

Framhaldsskólar (fjöldi nemenda sem tóku þátt í könnuninni):


- Fjölbautaskóli Suðurlands: 40 nemendur, svarhlutfall 30%.
- Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu: 3 nemendur, svarhlutfall 27%.
- Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: 17 nemendur, svarhlutfall 55%.
- Menntaskólinn að Laugarvatni: 43 nemendur, svarhlutfall 96%.

Nemendur sem höfðu hug á frekara námi

Flestir nemendur (74%) höfðu hug á frekara námi eftir útskrift en um 18% voru óákveðnir. Flestir hugðust byrja að hausti eftir útskrift en margir ári eftir útskrift eða voru ekki vissir.



Flestir nemendur (47) hugðust velja Háskóla Íslands en þar á eftir komu Háskólinn í Reykjavík (18 manns), Háskólinn á Akureyri (15) og erlendir háskólar (14). 16 nemendur vissu ekki hvaða skóli yrði fyrir valinu. Nemendur gátu valið um fleiri en einn skóla.



Aðrir skólar:

Þónokkur fjöldi nemenda taldi upp aðra skóla en þá sem nefndir eru hér að ofan og voru þeir eftirfarandi (skólunum er raðað upp eftir því hversu oft þeir voru nefndir):

- **Tækniskólinn** (11)
- **Listaháskóli Íslands** (9)
- Lýðháskólar (3)
- Menntaskólinn á Tröllaskaga (1)
- Borgarholtsskóli (leikskólaliðanám) (1)
- Fjölbraut í Breiðholti (rafvirkjanám) (1)
- Flugumferðastjórnun hjá Isavia (1)
- Háskóli í Danmörku (iðnfræðinám) (1)
- University Copenhagen (tannlækningar) (1)
- European Film Collage í Árhúsum í Danmörku (1)
- Royal College of Music (1)
- Skóli í Svíþjóð (læknanám) (1)
- Skóli í Ástralíu (dýralækningar) (1)
- Skóli erlendis (innanhúshönnun) (1)

Nám sem ekki er kennt á Íslandi en nemendur myndu vilja sjá á Suðurlandi


Nemendur nefndu þessar námsleiðir:

- Dýralækningar (7 nemendur)
- Kírópraktor (3 nemendur)
- Arkitekt (1)
- Innanhúshönnun (1)
- Hreyfimynd/teiknimynd/animation/3d modeling (1)
- Stutt kvíkmyndanám (1)
- Erfðafræði (1)
- Ritlist sem grunnnám (1)
- Framhaldsnám í tannlækningum (t.d. tannréttigar) (1)
- Afbrotafræði sem aðalfag (1)
- Naglaskóli (1)
- Meira af mastersnámi (1)

Hér sést að dýralækningar voru ofarlega í huga nemenda ásamt kírópraktoranámi.

Fjarnám og staðnám

Stærsti hluti nemenda myndi velja blöndu af stað- og fjarnámi (44%) eða hreint staðnám (40%).



Þeir sem vildu stunda nám í fjarnámi/stað-og fjarnámi myndu flestir vilja hafa námsaðstöðu utan heimilis.


37% nemenda gátu hugsað sér að stunda nám í námssetrum, 40% voru óvissir og 23% gátu ekki hugsað sér það.

58% nemenda finnsta spennandi að flytja að heiman vegna framhaldsnáms en 15% nemenda finnsta það erfitt. Aðrir nemendur (27%) voru hlutlausir eða vissu ekki hvernig þeim fyndist það.

Margir nemendur (68%) vildu tilheyra hópi nemenda í sama námi. 75% nemenda vildu geta lært með öðrum nemendum hvort sem þeir væru í sama námi eða ekki.

56% nemenda gátu hugsað sér að taka próf í námssetrum en 15% gátu ekki hugsað sér það. 29% nemenda var óviss.

Próftaka í námssetrum




■ Já, get hugsað mér það ■ Nei, get ekki hugsað mér það ■ Veit ekki

Námsráðgjöf

Tæp 60 % nemenda gátu hugsað sér að nýta námsráðgjöf í námssetrum.

Námsráðgjöf í námssetrum



■ Já, gæti hugsað mér að nýta það ■ Veit ekki ■ Nei, gæti ekki hugsað mér að nýta það

Nemendur sem ekki höfðu hug á frekara námi

Það voru 8 nemendur sem ekki höfðu hug á frekara námi og nefndu eftirfarandi ástæður fyrir því (hægt var að merkja við fleiri en einn möguleika):

- Veit ekki hvað ég ætla að læra (4)
- Langar að fara að vinna (3)
- Hef ekki áhuga á frekara námi (2)
- Búin/n að ljúka iðnnámi (1)
- Hef ekki efni á því að fara í frekara nám (1)
- Ætla að fara að ferðast (1)
- Kvíði (1)
- Annað (1)

Kynjaskipting útskriftarnemanna

Samkvæmt þeim tölum sem Háskólagfélög Suðurlands hefur um aðsókn sunnlenskra nemenda að háskólanámi virðast vera miklu fleiri konur en karlar í háskólanámi.

Kynjahlutfallið meðal skráðra nemenda í þjónustu félagsins er yfirleitt um 75 - 80% konur og 20 - 25% karlar. Þó ekki séu hér nemendur úr öllum deildum háskólanna er þetta áhugaverð þróun. Í þessu tilliti var ákveðið að kanna hvernig kynjaskiptingin er hjá útskriftarnemendum sunnlensku framhaldsskólanna og fengust eftirfarandi gögn um það:

Fjölbautaskóli Suðurlands (FSu):

	Fjöldi útskriftarnema	%
Konur	71	54%
Karlar	61	46%
Samtals	132	100%

	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Stúdentsbrautir	64	26	71%	29%
Verknámsbrautir	2	27	7%	93%
Aðrar brautir	5	8	38%	62%
	71	61		

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS):

	Fjöldi útskriftarnema	%
Konur	7	64%
Karlar	4	36%
Samtals	11	100%

	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Stúdentsbrautir	7	3	70%	30%
Vélstjórnarbraut	0	1	0%	100%
Aðrar brautir	0	0	0%	0%
	7	4		

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum (FIV):




	Fjöldi útskriftarnema	%
Konur	25	81%
Karlar	6	19%
Samtals	31	100%

	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Stúdentsbrautir	15	3	83%	17%
Verknámsbrautir	10	2	83%	17%
Aðrar brautir	0	1	0%	100%
	25	6		

Menntaskólinn að Laugarvatni, stúdentsbrautir (ML):

	Fjöldi útskriftarnema	%
Konur	36	80%
Karlar	9	20%
Samtals	45	100%

Samkvæmt þessum tölum eru 139 konur (63%) að útskrifast og 80 karlar (37%). Þegar litið er á kynjaskiptinguna eftir mismunandi brautum lítur skiptingin svona út:



Samantekt

Svo virðist sem stærsti hluti nemenda hafi hug á að fara í frekara nám og virðist Háskóli Íslands koma helst til greina. Nemendur kjósa helst að fara í staðnám eða í blöndu af fjar- og staðnámi. Nemendur vilja læra saman (þó þeir séu ekki í sama námi), hafa aðgengi að námsráðgjafa og geta tekið próf í heimabyggð. Sú niðurstaða undirstrikar mikilvægi þess að á Suðurlandi séu námssetur sem þjóna þessum tilgangi.

Niðurstaða könnunarinnar sýnir það jafnframt að auka þarf samstarf milli skóla og námssetra þannig að nemendur geti sótt sitt nám og fengið ráðgjöf hjá námsráðgjafa í heimabyggð. Það mætti til dæmis útfæra með því að kennarar kæmu á staðinn og/eða kennsla færi fram í gegnum fjarfundarbúnað að einhverju leyti. Hlutverk námssetranna væri þá líkt og nú er, að útvega kennslu- og lesaðstöðu og hjálpa til við próftökur og halda utan um það námssamfélag sem myndast á hverjum stað og er jafnframt nauðsynlegt aðhald þeirra nemenda sem ekki hafa tök á að sækja hefðbundið staðnám í stóru háskólunum. Þetta fyrirkomulag á við hvort sem um innlenda eða erlenda háskóla er að ræða, en niðurstaða könnunarinnar sýnir t.d. að nokkur áhugi virðist vera á að fá dýralæknanám á Suðurland.

Svo virðist sem konur sækist meira í stúdentsbrautir en karlar og endurspeglar það jafnframt kynjaskiptingu nemenda sem nýta sér þjónustu Háskólfélags Suðurlands.

Út frá þessu tölum má telja líklegt að mun fleiri konur en karlar komi til með að sækja um háskólanám eftir útskrift þar sem stúdentsprófið gefur aðgang að háskólanámi. Eftir stendur að eitthvað þarf að gera til þess að fylgja körlum í háskólanámi/framhaldsnámi og ein leið til þess er að skoða betur aðgengi að framhaldsnámi tengt verknámsbrautum. Oft sækja iðnmenntaðir í háskólanám seinna að lokinni útskrift, þ.e. eftir að hafa unnið í nokkur ár enda námið oftast háð því að farið sé til Reykjavíkur. Til að auðvelda þeim að sækja nám er nauðsynlegt að hafa einhvern hluta tæknináms í fjarnámi eða sett upp þannig að námið gæti að hluta til farið fram í námssetrum.

Háskólfélag Suðurlands leggur áherslu á að byggja upp samstarf og samvinnu við háskólana og aðra skóla til að auðvelda nemendum að sækja sitt nám í heimabyggð og koma þannig í veg fyrir að nemendur þurfi að flytja búferlum tímabundið eða alfarið. Það er samféluginu á Suðurlandi ávallt til góða að halda í ungt fólk þó það sé í námi því það eykur líkurnar á því að menntun þeirra nýtist á svæðinu sem aftur byggir undir þekkingarsamfélagið.

Umræðan um nemendarða fyrir sunnlenska háskólanema hefur skotið upp kollinum oftar en einu sinni og má velta fyrir sér hvort ekki væri rétt að hvetja til byggingar slíkra eininga t.d. í Árborg eða Hveragerði fyrir nemendur í námi á háskólastigi. Þannig geta þeir búið á Suðurlandi meðan þeir stunda nám án þess að þurfa að búa hjá foreldrum sínum vegna skorts á húsnæði á viðráðanlegu verði. Rannsóknir sýna jafnframt að þegar nemendur búa þétt saman ýtir það undir samhug og samstöðu meðal þeirra.